



Framkvæmda- fréttir

3. tbl. /08

Framkvæmdir 2008

Sjá kort bls. 4-5



Framkvæmdir í Reykjafirði við Ísafjarðardjúp.
Mynd: Sigurður Mar Óskarsson.

Auglýsingar útboða

Yfirborðsmerkingar, vegmálun, 2008 - 2010 08-041

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirborðsmerkingu akbrauta með málningu, árin 2008 - 2010. Um er að ræða málun á öllum svæðum Vegagerðarinnar.

Helstu magntölur, miðað við eitt ár, eru:

Málaðar miðlínur	1.000.000 m
Málaðar kantlínur	800.000 m
Formerkingar	900.000 m
Skiptimerkingar	4.500 stk.
Flutningur véla og vinnuflokks	1.000 km

Verki skal að fullu lokið 1. september 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 4. febrúar 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14.00 þriðjudaginn 19. febrúar 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Auðsholtsvegur (340) um Syðra-Langholt 07-091

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu 1,6 km Auðsholtsvegur, frá Birtingaholti og um Syðra-Langholt.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	13.200 m ³
Efnisvinnsla	8.310 m ³
Fylling	10.775 m ³
Fláafleygar	6.840 m ³
Neðra burðarlag	6.185 m ³
Efra burðarlag	2.125 m ³
Tvöföld klæðing	12.230 m ²
Ræsalögn	141 m
Girðingar	2,6 km
Frágangur fláa	26.710 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2008.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 4. febrúar 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 19. febrúar 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 16. árg. nr. 488 4. feb. 2008

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsfrankvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Hringvegur (1) í Nesjum verður innansveitarvegur miðað við þær veglínur sem lagðar eru fram í mati á umhverfisáhrifum. Á þessum vegarkafli er mikið um tengingar heim að íbúðarhúsum og það skapar hættu þegar umferð er hröð.

Hringvegur um Hornafjörð – frummatsskýrsla

Mat á umhverfisáhrifum

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Hringveg um Hornafjörð. Tillagan liggur frammi til kynningar frá 24. janúar til 7. mars 2008.

Vegagerðin mun kynna frummatsskýrslu vegarins með opnu húsi í Nýheimum á Höfn fimmtudaginn 7. febrúar kl. 20 - 22. Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdirnar og leggja fram athugasemdir. Þær þurfa að vera skriflegar og berast til Skipulagsstofnunar eigi síðar en 7. mars 2008.

Frummatsskýrslu og fylgiskjöl má finna á vef Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is.

Framkvæmdin sem hér um ræðir er 11-18 km löng veglagning, háð veglínunum og nær frá bænum Lambleksstöðum,

yfir Hornafjarðarfljót á nýju brúarstæði og að Hringvegi við bæinn Haga skammt austan Hafnarvegur sem liggur að Höfn í Hornafirði. Framkvæmdaraðili er Vegagerðin og leggur hún fram þrjár veglínur til skoðunar í mati á umhverfisáhrifum, leið 1, leið 2 og leið 3. Framkvæmdin stytir Hringveginn um 11-12 km eftir því hvaða veglína er valin.

Allur undirbúningur miðast við að framkvæmdir geti hafist árið 2008.

VSÓ Ráðgjöf hefur annast mat á umhverfisáhrifum undir verkstjórn Vegagerðarinnar. Fjölmargir aðilar með sérþekkingu á mismunandi verkþáttum komu einnig að verkinu.

Framkvæmdarlýsing

Nýr vegur um Hornafjörð verður samkvæmt vegstaðli fyrir vegtegund B3. Heildarbreidd vegar verður ekki minni en 7,5 m með 6,5 m akreinaþreidd og hönnunarhraði verður 90 km/klst. Vegurinn verður hannaður fyrir 11,5 t öxulþunga.

Vegagerðin leggur fram þrjár leiðir til skoðunar í mati á umhverfisáhrifum og nefnast þær leið 1, leið 2 og leið 3. Mögulegt er að skeyta leiðum saman við aðrar framlagðar leiðir við Hornafjarðarfljót, þannig t.d. að leið 1 verði fyrir valinu vestan Hornafjarðarfljóta en leið 2 austan þeirra.

Nýr Hringvegur um Hornafjörð hefur lengi verið í umræð-

Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga frá Ólafsfirði gekk mjög vel í viku 4 og þar voru sprengdir 94 m sem eru mestu afköst í verkinu til þessa. Lengd ganga þeim megin frá er nú 2.380 m. Gröftur frá Siglufirði gekk hins vegar mun hægar í vikunni í erfiðu bergi auk þess sem unnið var við bergþéttingar. Þar voru sprengdir um 31 m og er lengd ganga þeim megin frá um 3.267 m. Samtals er því búið að sprengja um 5.647 m eða um 53,4% af heildarlengd.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 28. jan. 2008. Búið er að sprengja 3.267 m í Siglufirði og 2.380 m í Ólafsfirði.



Veglínur sem lagðar eru fram í mati á umhverfisáhrifum.

unni og ýmsar leiðir hafa verið skoðaðar. Ljóst er að á þessum stað er möguleiki á að stytta Hringveginn umtalsvert með því að færa hann sunnar. Þær leiðir sem hér eru kynntar eru afrakstur af samstarfi Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins Hornafjarðar. Staðsetning vegarins afmarkast m.a. af legu flugvallar þar sem nýr vegur verður að liggja í ákveðinni fjarlægð frá flugvelli, annað hvort norðan eða sunnan við flugvöll Veglína milli Laxár og flugvallar kemur ekki til greina miðað við kröfur flugmálastjórnar.

Við allar framlagðar tillögur er gert ráð fyrir að núverandi vegur verði nýttur sem innansveitarvegur. Miðað er við að vegurinn verði rekinn sem slíkur og á meðan viðhald á brú yfir Hornafjarðarfljót verður ekki kostnaðarsamt verður henni haldið við. Stærri viðgerðir til að auka burðarþol brúarinnar eru ekki fyrirhugaðar og er því viðbúið að notkunarmöguleikar hennar minnki eftir því sem árin líða. Vegagerðin mun tryggja umferðaröryggi miðað við notkun brúarinnar, á sama hátt og gert er fyrir önnur sambærileg umferðarmannvirki í umsjá Vegagerðarinnar.

Heimild: Frummatsskýrsla

Niðurstöður útboða

Niðurrekstrarstaurar fyrir Héðinsfjarðará 07-101


Framleiðsla á 12 m löngum niðurrekstrarstaurum undir brú á Héðinsfjarðará. Flutningur stauranna á verkstað skal vera innfalinn.

Helstu magntölur eru:

Heildarlengd niðurrekstrarstaura	432 m
Heildarfjöldi niðurrekstrarstaura	36 stk.
Flutningur	79 tonn

Lokið skal við að afhenda alla staurana 1. mars 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4	Smiðir ehf., Reyðarfirði	5.170.000	104,6	2.017
---	Áætlaður verktakakostnaður	4.940.940	100,0	1.788
3	Loftorka Borgarnesi ehf.	4.895.740	99,1	1.743
2	BM Vallá, Akureyri	4.853.411	98,2	1.701
1	Smellinn ehf., Akranesi	3.152.512	63,8	0




Samtals er búið að sprengja 5.647 m sem er 53,4% af heildarlengd.

Framkvæmdir 2008

Helstu verkefni sem unnið verður við á árinu

(Birt með fyrirvara um mögulegar breytingar)





29.01.2008 VAI

	Bundið slitlag í árslok 2007
	Vegir með malarslitlagi
	Framkvæmdakafli

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaieldar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
08-057 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	08
08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit	08
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08
08-052 Reykjanesbraut (42), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svinvetningabraut	08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	08
08-023 Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá	08
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08
08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Sláttudalur	08
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	08
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Sprengisandsleið (F26)	08
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	08

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
08-030 Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik	08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik	08
08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2008	08
08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg	08
08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010	08
08-045 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, vesturhluti	08
08-044 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, norðurhluti	08
08-049 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik	08
08-039 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing	08
08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008	08
08-048 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“	08
08-038 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing	08
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá	08
08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009	08
08-028 Mýrdalsjökulsvegur (222), Skálavegur (246), Skógar að byggðasafni (2288)	08
08-047 Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013	08
08-037 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti	08
08-027 Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Hæðarendi	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir	08



Framkvæmdir í Reykjafirði við Ísafjarðardjúp. Skólahús á Reykjanesi sjást í baksýn. Mynd: Sigurður Mar Óskarsson.

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Unaós	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
08-004 Dagverðareyriarvegur (816), Hringvegur - Skjaldarvík	08
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	08
08-002 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur	08
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	08
07-086 Strandavegur (643), Djúpvvegur - Drangnesvegur	08
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	08
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	08
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	08
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010	04.02.08 19.02.08
07-091 Auðsholtsgöngur (340) um Syðra Langholt	04.02.08 19.02.08
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - Norður-Bár	28.01.08 12.02.08
08-001 Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum	28.01.08 19.02.08
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
07-101 Niðurrekstrarstaurar fyrir Héðinsfjarðará	14.01.08 29.01.08
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	03.12.07 15.01.08
07-085 Óshlíðargöngur, eftirlit	26.11.07 15.01.08
07-062 Óshlíðargöngur	07.08.07 22.01.08
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03.12.07 18.12.07
Samningum lokið	Opnað: Samið:
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Merkurvegur <i>Sigurjón Hjartarson</i>	08.01.07 28.01.08
07-097 Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikkahverfi <i>Ásberg ehf.</i>	11.12.07 30.01.08
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg <i>Suðurverk hf.</i>	18.12.07 25.01.08

Yfirlit yfir verkefni

Í mati á umhverfisáhrifum (m.á.u.)

Þetta yfirlit er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvar-
alaust. Auglýsingar um mat á umhverfisáhrifum gefa endanlegar upplýsingar.

Matsskylduákvæðanir

Upplýsingar um ákvæðanir um matsskyldu framkvæmda eru á vef Skipulagsstofnunar
www.skipulag.is - mat á umhverfisáhrifum
- matsskylduákvæðanir

Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdir berist Vegagerðinni sem fyrst

Axarvegur (939) milli Hringvegur í Skriðdal og Berufjarðar.

Tillaga að matsáætlun, athugasemdafrestur til Skipulagsstofnunar var:

Hallsvegur - Úlfarsfellsvegur,
ásamt gatnamótum við Vesturlandsveg 18.01.2008

Matsáætlanir samþykktar	ákvörðun dags.	frummats- skýrsla- áætlun
----------------------------	-------------------	---------------------------------

Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, Fjarðabyggð	13.12.07	apríl- maí 08
---	----------	------------------

Bakkafjörúhöfn, Bakkafjörúvegur (254) og efnistaka vegna framkvæmda á Seljalandsheiði og úr Markarfljótsaurum	28.11.07	janúar- febrúar 08
---	----------	-----------------------

Sundabraut 2. áfangi. frá Gufunesi að tengingu við Vesturlandsveg, Reykjavík	27.09.07	febrúar- mars 08
---	----------	---------------------

Frummatsskýrslur athugasemdafrestur til Skipulagsstofnunar er:

Hringvegur um Hornafjörð, sveitarfélagið Hornafjörður	07. 03. 2008
--	--------------

Matsskýrslur

Engar matsskýrslur eru til skoðunar hjá Skipulagsstofnun sem stendur.

Nýleg álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslur dags.

Norðausturvegur, tenging Vopnafjarðar við Hringveg	13.07.2007
---	------------

Nýlegir úrskurðir umhverfisráðherra dags.

Um matsskyldu vegna lagningar Miðhúsabrautar frá Hlíðarbraut að Mýrarvegi á Akureyri	06.06. 2007
--	-------------

Um matsskyldu Hringvegur um Hrótafjörð, Brú-Staðarskála í Bæjarhreppi og Húnaping vestra	18.05.2007
--	------------

Um matsskyldu lagningar 1,6 km vegar, Upphéraðsvegur, milli Fellabæjar og Ekkjufells á Fljótsdalshéraði	18.05.2007
---	------------

Vegna ákvörðunar um matsáætlun framkvæmdaaðila vegna mats á umhverfisáhrifum lagningar Hringvegur um Hornafjarðarfliót	11.05.2007
---	------------

Vegna mats á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar	10.05.2007
--	------------

Sjá nánar á vefnum www.rettarheimild.is –
Umhverfisráðuneyti – úrskurdir umhverfisráðuneytis

Frá rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Vegagerðin veitir fjölda styrki til rannsóknaverkefna á hverju ári. Styrkimir eru fjármagnaðir af svo nefndu tilraunafé, sem er nú 1% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fjögurra af þeim skýrslum sem komið hafa út en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Lárétt stífni jarðvegsstauro

Tvær skýrslur tengjast þessu verkefni, annars vegar „Lárétt stífni staura“ (febrúar 2007) og hins vegar „Yfirborðsbylgjumælingar og ysjunarhætta“ (júní 2007). Fyrri skýrslan fjallar um lárétta stífni staura, sérstaklega við jarðskjálftaáran. Niðurstöður mælinga á tveimur stöðum (með meira en 30 ára millibili) vöktu vonir um að hægt væri að þróa aðferðarfræði sem nota mætti til að heimfæra á önnur brúarstæði og fá þannig nálgun á svörum staura í jarðvegi. Í seinni skýrslunni er greint frá athugun á mælingum skúfbylgjuhraða sem er nátengdur stífni jarðefna. Hugsanlega má tengja saman niðurstöður þessara ritgerða til að styrkja grunnvöll við ákvörðun á láréttri stífni staura.

Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins –umferðarspá 2024.

Verkefnið er framhald verkefnis sem unnið var árið 2005, en þá var stungið upp á að nota svokallaða „pivot“ aðferð við spána. Þá byggir aðferðin við líkanagerð á að spá fyrir

breytingum miðað við grunnár í staðinn fyrir að spá eingöngu út frá framtíðaráætlunum. Ávinningurinn af verkefninu er nýtt og áreiðanlegra umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið 2024, eða miðað við 240 þúsund manna byggð og samþykktar skipulagsáætlanir. Bent er á þörf á gerð háannatímalíkans sem og rannsóknir til að skoða fjölda starfa í stað fermetra atvinnuhúsnæðis (unnið að því 2007) og fleira.

Bikþeyta til klæðinga, 4. áfangaskýrsla

Í þessari skýrslu er greint frá verkefnum ársins 2006 sem lúta að verkefninu „Bikþeyta til klæðingar“. Verkefnið hófst í maí 2002 með lögnum tilraunakafla og einnig hafa verið lagðir fleiri tilraunakaflar eftir það. Árangur þessara tilrauna hefur verið mismunandi og telur verkefnishópurinn sem að þeim stendur ástæðu til að staldra við, endurskoða stöðuna og reyna að tryggja betri árangur áður en aðferðin verður innleidd í almenn verk Vegagerðarinnar.

„Monitoring of the Tjarnardalur landslide, in central North Iceland.“

Rituð var grein sem birt var á ráðstefnu „First North American Landslide Conference“, sem haldin var í júní 2007. Hún tengist verkefninu „Innri gerð berghlaups í Tjarnardölum“, sem var framhald verkefnis um kortlagningu á sigi á Siglufjarðarvegi um Almenninga (í utanverðum Skagafirði). Athuganir benda til að landið skríði þarna fram um tæpa 70 cm á ári. Talið er að landið skríði að mestu fram á setlögum, hvatt áfram af grunnvatni sem lekur gegnum grófari hluta efnisins, enda færslan mest við snjóbráðnun á vorin og í haustrigningum.



Uppsetning hraðamyndavéla í Fáskrúðsfjarðargöngum.